14 10da oktbr Reykjavík um 10 ára tímabil, er byrjar í dag, öll þau hlunnindi, sem talin eru í nefndri tilskipun, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðrinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í samþykt sjóðsins frá 9. marts 1872, er fylgdi brèfi forstjóranna, verði nákvæmlega gætt, og að forstjórarnir til þess, að landshöfðinginn geti haft eptirlit með þessu, árlega sendi honum eptirrit af reikningum sparisjóðsins, svo ber og að skýra landshöfðingja frá sèrhverri breytingu, er kynni að verða gjörð á samþyktinni frá 9. marts 1872 og frá því, er skipti verða á stofnöndum sjóðsins samkvæmt 3. gr. samþyktarinnar.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins í norðr og austramtinu[4]).

15 10da oktbr Amtmaðrinn hafði mælt fram með, að sparnaðarsjóðrinn í Siglufirði fengi hlunnindi þau, sem talin eru í tilskipun 5. janúar þ. á., og sýslumaðrinn í Eyjafjarðarsýslu hafði vottað, að allir forstjórar sjóðsins væru áreiðanlegir menn og flestir þeirra vel efnaðir. Samkvæmt þessum meðmælingum voru nefnd hlunnindi veitt sjóðnum um 5 ára tímabil og með líkum skilyrðum, og þeim, er til eru tekin í brèfinu hèr næst á undan.

Embættismenn skipaðir og settir,

Hinn 14. dag septembermán. hefir ráðgjafinn fyrir Ísland sett cand. mag. Benidikt Gröndal til að vera kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík frá 1. d. októbermán.

Hinn 3. dag septembermán. hefir landshöfðinginn staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna dagsett 12. ágúst handa síra Birni Þorlákssyni fyrir Hjaltastaðar og Eyða prestakalli í Múlasýslum.

12. s. m. hefir landshöfðinginn sett kandidat Júlíus Haldórsson, til að gegna hèraðslæknisstörfum í Þingeyjarsýslu með 500 rdla árlegum styrk úr læknasjóðnum og aðgöngu til launaviðbótar þeirrar, sem ákveðin er með konungsúrskurði 10. maí 1867.

Hinn 10. dag októbermánaðar staðfesti landshöfðinginn veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna dagsett 18. júní þ. á. handa síra Jakobi Benediktssyni fyrir Miklabæarprestakalli í Skagafirði.

Hinn 27. dag ágústmánaðar var af stiptsyfirvöldunum Garpsdalsprestakall í Barðastrandarsýslu veitt kandidat Steingrími Jónssyni,

Rípsprestakall í Skagafjarðarsýslu veitt kandidat Ólafi Bjarnarsyni og

Skinnastaðaprestakall í Þingeyjarsýslu, er Garðsprestakall í sömu sýslu fyrst um sinn er sameinað, veitt kandidat Stefáni Sigfússyni.

28. s. m. var af stiptsyfirvöldunum Lundabrekkuprestakall í Þingeyarsýslu veitt kandidat Magnúsi Jósepssyni.

Hinn 7. dag septembermánaðar var af stiptsyfirvöldunum Ássprestakall í Fellum í Norðrmúlasýslu veitt prófasti síra Bergi Jónssyni á Bjarnanesi í Skaptafellssýslu.

24. s. m. var af stiptsyfirvöldunum Dvergasteinsprestakall í Suðrmúlasýslu veitt kandidat Stefáni Haldórssyni.

Hinn 7. dag októbermánaðar var af stiptsyfirvöldunum Kálfafellsstaðarprestakall í Austrskaptafellssýslu, sem hafði verið auglýst 22. ágúst, veitt síra Jóhanni Kn. Benediktssyni presti á Einholti.

Óveitt embætti.

Bjarnanessprestakall í Austrskaptafellssýslu auglýst 8. september, metið 353 rdl. 18 sk.

Einholtsprestakall í sömu sýslu auglýst 8. október, metið 240 rdl. 27 sk.

---

11. desbr.	1872	voru viðskiptamenn	157	höfuðstóllinn	6,805 rdl.	1 sk.	varasjóðrinn	108 rdl.	28 sk.
11. júní	1873	—	—	212	—	9,376 —	40 —	—	284 —	61 —
11. desbr.	s. á.	—	—	274	—	14,755 —	95 —	—	399 —	25 —
11. júní	1874	—	—	322	—	19,614 —	15 —	—	643 —	29 —

Stofnendr sjóðsins eru 16, (12 innanbæar og 4 utanbæar), og hefir sèrhver þeirra ábyrgð á, að sjóðrinn standi í skilum, og er skyldr til að svara alt að 100 rdl. hver, fyrir halla þann eðr tjón, er sjóðrinn kann að verða fyrir, og hann sjálfr eigi getr staðið straum af. Sparisjóðrinn á þannig ráð á 1600 rdl. auk varasjóðs síns, eðr nú als á 2243 rdl. 29 sk., til að bæta upp halla þann, er sjóðrinn kann að verða fyrir.

4) Hann er stofnaðr 1. janúar 1873; viðskiptamenn hans voru í júnímánuði þ. á. taldir 92, höfuðstóll hans rúm 1400 rdl. Varasjóðs er eigi getið, en stofnendr sjóðsins, sem eru 8, eru skyldir til að svara alt að 50 rdl. hver, eðr als 400 rdl., fyrir tjón það, er sjóðrinn eigi sjálfr getr staðið straum af.